



15. febrúar 2017

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á fjórða ársfjórðungi og árinu 2016:

## Ár einskiptisliða og verðlækkana – horfur hækkaðar á ný fyrir 2017

Ársreikningur Fjarskipta hf. fyrir rekstrarárið 2016 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 15. febrúar 2017. Endurskoðendur félagsins hafa endurskoðað reikninginn og áritað hann fyrirvaralausri áritun. Ársreikningurinn verður lagður fyrir aðalfund félagsins til staðfestingar þann 16. mars nk.

### Helstu lykiltölur:

- Heildartekjur á árinu námu 13.655 m.kr., sem er 1% lækkun á milli ára, og tekjur á fjórða ársfjórðungi námu 3.450 m.kr. sem er lækkun um 5% á milli ára.
- Rekstrarhagnaður ársins nam 1.632 m.kr. sem er 15% lækkun á milli ára, rekstrarhagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 327 m.kr., sem er 14% lækkun á milli ára.
- EBITDA hagnaður ársins nam 3.040 m.kr. og minnkar um 6% frá árinu 2015. EBITDA hagnaður nam 694 m.kr. á ársfjórðungnum og lækkar um 3% á milli tímabila.
- EBITDA hlutfall ársins var 22,3% og EBIT hlutfall 12,0% - EBITDA hlutfall á ársfjórðungnum var 20,1% og EBIT hlutfall 9,5%.
- Hagnaður ársins nam 1.007 m.kr. og minnkar um 22% á milli ára - hagnaður á ársfjórðungnum nam 170 m.kr. sem er 32% lækkun frá sama tímabili árið 2015.
- Hagnaður á hlut nam 3,50 sem er 10% lækkun á milli ára.
- Fjárfestingar ársins námu 1.539 m.kr. sem er 1% lækkun á milli ára, fjárfestingar á fjórða fjórðungi námu 498 m.kr. sem er 14% lækkun á milli ára.
- Framlegð ársins nam 6.323 m.kr. og lækkar um 2% á milli ára - framlegð á ársfjórðungnum nam 1.520 m.kr. og minnkar um 4% á milli ára.
- Eiginfjárhlutfall nam 47,6%.
- Handbært fé frá rekstri nam 3.028 m.kr. á árinu, sem er 6% hækkun á milli ára. Handbært fé frá rekstri nam 871 m.kr. á fjórða fjórðungi sem er 83% hækkun frá sama tímabili á milli ára.
- EBITDA horfur eru hækkaðar á ný fyrir árið 2017, áætlaðar í kringum 3.250 m.kr. fyrir árið 2017 og fjárfestingarhlutfall í kringum 11%.
- Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður vegna rekstrarársins 2016.
- Unnið er að gerð kaupsamnings vegna kaupa á ljósvaka- og fjarskiptahluta 365 sem áætlað er að klárast fyrir lok fyrsta ársfjórðungs.

## Lykiltöluyfirlit:

	4F 2016	4F 2015	Breyt.	% breyt.	2016	2015	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.450	3.632	-182	-5%	13.655	13.724	-69	-1%
Kostnaðarverð	1.930	2.055	-125	-6%	7.332	7.290	42	1%
Framlegð	1.520	1.577	-57	-4%	6.323	6.434	-111	-2%
Rekstrarkostnaður	1.193	1.196	-3	0%	4.691	4.503	188	4%
EBITDA	694	716	-22	-3%	3.040	3.237	-197	-6%
EBIT	327	381	-54	-14%	1.632	1.931	-299	-15%
Hrein fjármagnsgjöld	90	71	19	27%	352	327	25	8%
Hagnaður tímabilsins	170	249	-79	-32%	1.007	1.287	-280	-22%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>44,10%</i>	<i>43,40%</i>			<i>46,30%</i>	<i>46,90%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>20,10%</i>	<i>19,70%</i>			<i>22,30%</i>	<i>23,60%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>9,50%</i>	<i>10,50%</i>			<i>12,00%</i>	<i>14,10%</i>		


## Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Árið 2016 var að mörgu leyti sérstakt ár í rekstri Fjarskipta hf. þar sem margt fór saman; miklar launahækkningar í tengslum við kjarasamninga, einskiptiskostnaður vegna húsnæðismála, hagræðingaraðgerða og vinnu sérfræðinga við áreiðanleikakönnun vegna hugsanlegra kaupa á 365 miðlum hf. Á sama tíma höfðu markaðsaðstæður neikvæð áhrif á meðaltekjur af viðskiptavinum. Mótvægisáðgerðir gengu vel þar sem vöxtur í fjölda viðskiptavina hefur ekki verið meiri í seinni tíð eða 7%. Sjónvarpsvörur félagsins skiluðu mikilli aukningu í tekjum sem unnu á móti fyrrgreindum neikvæðum þáttum þrátt fyrir lækun tekna í heildsöludreifingu sjónvarps. Horfur í rekstri félagsins fyrir árið 2017 eru betri, þar sem ætla má að hagræðingaraðgerðir árið 2016 og vöxtur viðskiptavina skili sér í betri rekstri árið 2017. Gert er ráð fyrir að félagið geti skilað um 3.250 milljónum sem væri betri niðurstaða m.t.t. EBITDA en árið 2015 sem var metár í rekstri félagsins.“

Það eru spennandi tímar framundan hjá félaginu og mörg þróunarverkefni í burðarliðnum. Vodafone hefur tekið leiðtogahlutverk í IoT (Internet of Things) í samstarfi við Vodafone Group sem er leiðandi í heiminum á því sviði. Nýverið kynnti félagið tilraunaverkefni í samstarfi við Huawei varðandi NB-IoT (Narrowband Internet of Things) kerfi, en þessi tækni mun gera Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða í hlutanetsbyltingunni á næstu árum.

Enn er unnið að gerð kaupsamnings vegna fyrirhugaðra kaupa á ljósvaka- og fjarskiptahluta 365 miðla hf. og bindum við vonir við að sú vinna klárast fyrir lok fyrsta ársfjórðungs. Það styttist auk þess í flutning í nýjar framtíðarhöfuðstöðvar félagsins að Suðurlandsbraut 8, sem mun skila félaginu hagræðingu en á sama tíma bæta til muna húsnæðiskost félagsins.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2012



#### Rekstrarafkoma á 4. ársfjórðungi 2016:

Tekjur samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi 2016 námu 3.450 m.kr., sem er lækkun um 5% fyrir sama tímabil á milli ára. Tekjur af sjónvarpi jukust um 11% á milli ára og námu 524 m.kr. á tímabilinu. Vöxtur sjónvarpstekna hefur haldið áfram í smásölu en tekjur af heildsölu lækkuðu vegna breytinga á dreifingu hjá aðila í sjónvarpsrekstri. Tekjur af interneti námu 886 m.kr. á fjórða ársfjórðungi, sem er lækkun um 1% milli ára. Helstu ástæður fyrir að hægt hefur á vexti internettekna tengjast heildsöluviðskiptavinum sem hættu í viðskiptum snemma árs 2016. Tekjur af vörusölu námu 527 m.kr. á tímabilinu sem er 16% lækkun miðað við sama ársfjórðung 2015 en framlegð af vörusölu var betri þrátt fyrir lækkun tekna. Aðrar tekjur námu 181 m.kr. á ársfjórðungnum og jukust um 20% milli ára. Tekjur samstæðunnar af farsíma námu 1.021 m.kr. og lækkuðu um 10% í samanburði við sama tímabil í fyrra.

Á fjórða ársfjórðungi nam framlegð félagsins 1.520 m.kr., sem er lækkun um 57 m.kr. miðað við sama ársfjórðung 2015. Rekstrarkostnaður stendur í stað á milli ára en hann nam 1.193 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2016. Hagræðingaraðgerðir fyrr á árinu gera að verkum að launakostnaður félagsins er mun lægri en þróun launavísitölu á milli ára og hefur árangur þannig náðst í að mæta stórum hluta hækkana vegna kjarasamninga.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 694 m.kr. sem er lækkun um 3% eða 22 m.kr. miðað við sama fjórðung árið 2015. EBITDA hlutfall tímabilsins var 20,1% og EBIT hlutfall 9,5%.

Hrein fjármagnsgjöld námu 90 m.kr. á fjórða ársfjórðungi sem er hækkun um 27% á milli ára. Aukningin liggur fyrst og fremst í hærri vaxtagjöldum.

Hagnaður fyrir tekjuskatt á fjórða ársfjórðungi 2016 nam 237 m.kr. sem er 73 m.kr. lækkun frá sama tímabili 2015. Hagnaður ársfjórðungsins eftir skatta nam 170 m.kr.


## Sjóðstreymi 4. ársfjórðungs 2016

Á fjórða fjórðungi ársins 2016 nam handbært fé frá rekstri 871 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 498 m.kr. á tímabilinu, einkum vegna fjárfestingar í rekstrarfjármunum, sem er lækkun um 14% miðað við sama tímabil 2016.

Á árinu keypti félagið eigin bréf að nafnverði 88 m.kr. samtals. Kaupverð hlutanna nam 400 m.kr. í samræmi við endurkaupaáætlanir félagsins.

Fjármögnunarhreyfingar félagsins námu 375 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2016, sem er 35% hækkun frá sama tímabili 2016. Handbært fé í lok fjórða ársfjórðungs nam 368 m.kr.

**Mynd 2: Sjóðstreymi á 4F 2016  
Breytingar á tímabilinu**



## Rekstrarafkoma ársins 2016:

Rekstrartekjur ársins 2016 námu 13.655 m.kr. og drógust saman um 69 m.kr. eða 1% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nam 7.332 m.kr. og jókst um 42 m.kr. eða um 1%. Framlegð nam 6.323 m.kr. og var framlegðarhlutfallið 46,3% samanborið við 46,9% árið 2015. EBITDA hagnaður félagsins nam 3.040 m.kr., sem er lækkun um 197 m.kr. eða 6% á milli ára. EBITDA hlutfall félagsins var 22,3% til samanburðar við 23,6% árið 2015. Hagnaður ársins 2016 nam 1.007 m.kr. og lækkar um 22% frá fyrra ári.

## Efnahagur 31. desember 2016:

Í lok fjórða ársfjórðungs 2016 var efnahagur Fjarskipta hf. áfram sterkur. Eigið fé í lok tímabilsins var 6.987 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 47,6%. Heildarskuldir samstæðunnar námu 7.699 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 5.347 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,8. Veltufjárhlutfall var 1,3.

## Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á árinu:

- Tilkynnt var um einkaviðræður Fjarskipta hf. við 365 miðla hf. í lok ágúst (sbr. tilkynningu til kauphallar dags. 31. ágúst 2016) um möguleg kaup á því síðarnefnda að stórum hluta með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar. Í desember var tilkynnt að samningar hefðu náðst um breytt kaupverð (sbr. tilkynningu til kauphallar dags. 22. desember 2016). Enn á eftir að semja um ýmsar forsendur í kaupsamningi, en gert er ráð fyrir að viðræður klárast á fyrsta ársfjórðungi 2017. Líkt og áður hefur komið fram eru kaupin háð ýmsum fyrirvörum.
- Á árinu keypti félagið eigin bréf að nafnverði 88 m.kr. samtals. Kaupverð hlutanna nam 400 m.kr. í samræmi við endurkaupaáætlanir félagsins.
- Staða dómsmála sem áður hefur verið fjallað um er að mestu óbreytt, bæði þeirra sem fyrirtækið hefur haft frumkvæði að og þeirra sem beinast að félaginu. Að öðru leyti vísast til skýringar númer 37 um önnur mál í ársreikningi.



- Á fjórða ársfjórðungi var unnið að frekari útbreiðslu á 4G þjónustuvæði Vodafone, meðal annars með uppbyggingu á Reykjanesi, Snæfellsnesi og Norðurlandi. Nær 4G þjónustuvæði félagsins nú til um 96% landsmanna.
- Félagið kynnti til leiks nýja stefnu á sviði samfélagsábyrgðar. Stefnan er nú þegar farin að bera ávöxt í nýjum samfélagsverkefnum eins og Fjarskiptastoð Vodafone. Í henni felst að Vodafone mun úthluta allt að 100 fjarskiptatengingum á ári til verkefna sem stuðla að uppbyggingu í íslensku samfélagi, eins og nýrra fyrirtækja, nýsköpunar og annarra mikilvægra verkefna.
- Félagið tók upp nýja samgöngustefnu en markmið hennar er að hvetja starfsmenn til að nýta vistvænar samgöngur ásamt því að huga að umhverfinu.
- Á fyrsta ársfjórðungi kynnti félagið nýja heildarlausn á markað, Vodafone ONE, sem býður hverjum viðskiptavini sérsníðna fjarskiptalausn að hans þörfum með auknum ávinningi við að hafa fleiri þjónustuþætti hjá Vodafone.
- Á öðrum ársfjórðungi hóf félagið að bjóða alþjóðlega fyrirtækjalausn Vodafone Group, sem Vodafone International Enterprise Partner. Um er að ræða nýja alþjóðlega þjónustulausn sem gerir viðskiptavinum í alþjóðlegri starfsemi, kleift að sameina fjarskiptaviðskipti sín hjá einum aðila og njóta þannig bæði enn betri þjónustu og hagkvæmni í innkaupum. Jafnframt var unnið að fjölgun háskerpustöðva og breyttri áherslu í stöðvauppröðun auk þess sem erlendum sjónvarpsstöðvum var jafnframt fjölgað.
- Á fjórða ársfjórðungi hóf Vodafone að bjóða Vodafone Connect, hotspot lausn sem er öflug, hagkvæm og örugg í takt við væntingar notenda í dag. Lausnin hentar því vel þeim fyrirtækjum sem vilja bjóða viðskiptavinum sínum upp á þráðlaust net.
- Kynnt var til sögunnar nýtt fullkomið umsýslartól sem fylgir snjallkortum sem fyrirtækið hefur hafið sölu á og ætluð eru fyrir IoT-tengingar (e. Internet of Things). Viðmótið hjálpar fyrirtækjum að halda utan um allar IoT tengingar þeirra. Með því er hægt að fylgjast með notkun sem og stjórna virkni tenginga svo fátt eitt sé nefnt. Samstarf við Vodafone Group í IoT málum hefur þannig dýpkað enn frekar.
- Félagið fór í loftið með „Ready Business“, sérstakt próf sem metur hversu tilbúin fyrirtæki eru til að takast á við fjarskiptaáskoranir framtíðarinnar og auka þannig samkeppnishæfni sína.
- Fjarskipti hf. og Dropbox gerðu undir lok árs samstarfssamning um innifalið geymslupláss fyrir farsímaviðskiptavini félagsins.
- Kynnt var til sögunnar Vodafone One Net Business, alþjóðleg skjjalausn sem samþættir fastlínu, farsíma, starfstöð og snjalltæki að fullu í einu einföldu umhverfi.
- Hopster appið kom út. Það er allt talsett á íslensku og geta börnin horft á þá þætti sem þau vilja ásamt því að læra að skrifa bókstafi, byrjað grunnþjálfun í reikningi og teiknað í öruggu og auglýsingalausum umhverfi.

### **Horfur fyrir afkomu á árinu 2017**

- EBITDA horfur fyrir rekstrarárið 2017 eru áætlaðar í kringum 3.250 m.kr.
- Fjárfestingarhlutfall er áætlað í kringum 11%.



## Kynningarfundur 16. febrúar 2017:

Opinn kynningarfundur vegna uppgjörins verður haldinn fimmtudaginn 16. febrúar 2017. Fundurinn fer fram á Hótel Íslandi, Ármúla 9 (gengið inn að austanverðu), 108 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8:00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á [www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl](http://www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl) og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni:

<https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>

## Fjárhagsdagatal 2017:

- ✓ Aðalfundur Fjarskipta hf. 2017 16. mars 2017
- ✓ Uppgjör 1F 2017: 2. maí 2017
- ✓ Uppgjör 2F 2017: 22. ágúst 2017
- ✓ Uppgjör 3F 2017: 31. október 2017
- ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2017: 20. febrúar 2018

## Frekari upplýsingar:

- ✓ Guðfinnur Sigurvinsson, verkefnastjóri samskiptamála, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið [fjarfestatengsl@vodafone.is](mailto:fjarfestatengsl@vodafone.is) eða í síma 669-9330.